

Hestamannafélagið Skuggi

Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga 13.1.2014

Fundargerð.

1. Fundarsetning og kjör starfsmanna fundarins

Formaður félagsins, Stefán Logi Haraldsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fór hann yfir ástæður þess að fundur var ekki haldinn fyrir áramót líkt og stendur í lögum. Hann minntist látinna félaga en fimm félagar létust á árinu, þeir voru:

Guðrún Samúelsdóttir, Borgarbraut 52, Borgarnesi, var fædd þann 07.júlí 1957 og lést þann 29. desember 2012 – 55. ára að aldri.

Heiðar Jóhannsson, Borgarvík 11, Borgarnesi, var fæddur þann 04.júní 1933 og lést þann 03.apríl 2013 – 79. ára að aldri.

Ragnar Jónsson, Böðvarsgötu 7, Borgarnesi, var fæddur þann 20.desember 1920 og lést þann 28.júní 2013 – 92. ára að aldri.

Baldur Jónsson, Klettavík 15, Borgarnesi, var fæddur þann 01.febrúar 1937 og lést þann 18.september 2013 – 76. ára að aldri.

Bjarni G. Sigurðsson, Berugötu 5, Borgarnesi, var fæddur þann 19.janúar 1933 og lést þann 26.október 2013 – 80. ára að aldri.

Vottuðu félagsmenn hinum látnu virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Formaður gerði tillögu um Inga Tryggvason sem fundarstjóra og Helgu Björk Þorsteinsdóttir og Kristján Gíslason sem ritara fundarins. Var tillaga formanns samþykkt og tók Ingi Tryggvason við stjórn fundarins, var því næst gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar – Stefán Logi Haraldsson formaður fór yfir helstu verkefni stjórnar á liðnu ári í ítarlegu yfirliti (birt sérstaklega).

3. Reikningar félagsins.

Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða og áritaða af skoðunarmönnum félagsins –

Arnar Már Gíslason gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins fyrir tímabilið 1.10.12 – 30.9.13.

Tekjur félagsins á árinu skv. rekstrarreikningi eru kr. 8.610.374.- og gjöld kr. 8.687.240.- Tap af rekstri því kr. 76.866.-

Lykiltölur efnahagsreiknings 30.0.2012 eru eftirfarandi: Eignir: kr. 32.306.976.- Skuldir: kr. 280.557.- Eigið fé: kr. 32.026.419.-

Reikningar eru skoðaðir af skoðunarmönnum félagsins, þeim Marteini Valdimarssyni og Inga Tryggvasyni.

Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár kynnt af gjaldkera. Tekjur 4.650.000.- Gjöld 4.150.000.-

4. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga

Helgi Helgason þakkar stjórn fyrir frábært starf á árinu. Miklu og góðu starfi hefur verið skilað. Kristján Gíslason þakkaði stjórn fyrir góð störf og góðan árangur á

árinu. Guðmundur Skúli ræddi þá neikvæðu umræðu sem skapaðist í kjölfar dansleiks sem haldinn var í Faxaborg. Marteinn Valdimarsson tók undir þakkir til stjórnar og ræddi það mikla starf sem unnið hefur verið á síðasta ári, sérstaklega það góða starf sem unnið hefur verið í æskulýðsmálum. En jafnframt taldi hann að vinna þyrfti að því að geta með góðu móti tekið við stærri mótum í framtíðinni. Hvatti hann félagsmenn til að taka þátt í verkefnum á vegum félagsins, það væri bæði gott og gefandi. Eins kom hann inn á umferðaröryggi í hverfinu. Helgi Gissurarson ræddi um gámaleigu og spurði um hesthúseigendafélag. Stefán Logi fór yfir það sem fram kom í fyrirspurnum, m.a. dansleikjahaldi. Ræddi um notkun hestamanna á akveginum og vandamál sem af því hljóttast. Eins fór hann yfir samninginn við Gámaþjónustuna um sorphirðingu. Fundarstjóri bar þessu næst reikninginn undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

5. Skýrslur nefnda

- a. **Rafmagnsnefnd** – Rúnar Karl fór yfir málefni rafmagnsnefndar í forföllum Guðmundar Arasonar. Eignir sjóðsins nema nú kr. 3.669.231.-
- b. **Reiðveganefnd** – Marteinn Valdimarsson flutti skýrslu reiðveganefndar. „Nefndina skipa; Arnar Már Gíslason, Bjarni Johansen, Guðjón Guðlaugsson, Guðmundur Guðsteinsson og Marteinn Valdimarsson formaður hennar.

Fyrsta verkefni nefndarinnar á starfsárinu var að venju að fara yfir áætlun um reiðvegagerð og umsóknir um reiðvegafé, uppfæra og ganga frá umsókn um reiðvegafé.

Úthlutun til Skugga nam aðeins 714.000 krónum af 5.000.000 kr. sem var til skipta á sjö félög á okkar svæði sem er frá Hvalfirði í Hrutafjörð. Auk þess var úthlutað til Faxa 1.000.000 kr. og til Snæfellinga 500.000 til lagfæringa á „ferðaleiðum“. Í þessu tilfelli leiðina frá Eskiholti að Löngufjörum.

Eins og fram kom í skýrslu nefndarinnar á síðasta ári fékkst frá Vegagerðinni 800.000 kr. fjárveiting til reiðvegarins um Lækjarkot og Brennistaði. Því til viðbótar fegnust 450.000 kr. á síðustu dögum ársins 2012. Það gerði okkur kleift að taka til baka framlag af reiðvegafé til þessa verks og leggja það í nýjan reiðveg frá hesthúsahverfinu að Faxaborg eða um 420.000 kr. Gert var samkomulag við Trausta í Lækjarkoti um að fá að leggja reiðveginn innan við veggirðinguna í landi Lækjarkots.

Fjárveiting ársins var að mestu notuð til að keyra mól í reiðveginn um Lækjarkot og Brennistaði, sem nú er orðinn ágætlega fær, en ekki nærri fullfrágenginn. Hluta var varið í yfirborðsefni á reiðveginn að Faxaborg og til viðgerða á ræsum.

Undir áramótin s.l. var leitað eftir viðbótarfé frá Vegagerðinni, eða hvort eitthvert félag hafi ekki nýtt sitt framlag. Það bar þann árangur í lok síðustu vikur að í ljós kom að Hmf. Gláður hafði ekki getað nýtt sitt framlag að fullu og óskaði eftir að eftirstöðvar að upphæð 380.000 kr. renni til Skugga. Samið hefur verið um kaup á mól sem flutt verður að Langá við endann á „Ruðningum“ fyrir þessa upphæð. Gert er ráð fyrir að kostnaður við að keyra efnið út verði greitt að fjárveitingu þessa árs. Byrjað verður að bera ofan í þar sem frá var horfið 2012, næst Skilkletti.

Gera verður ráð fyrir að þessu framlagið þurfi að skila til Gláðs á þessu ári.“

- c. **Ferðanefnd** – Sigríður Skúladóttir fór yfir verkefni ferðanefndar, Rauðanesferð á föstudaginn langa, fjölmenni að vanda, og síðan haustferð um afrétt Borgarhrepps, einn af fáum rigningarlausum degi í ágúst eða þann 17. og heppnaðist hún í alla staði vel.
- d. **Vallarnefnd** – Stefán Logi fór yfir skýrslu vallarnefndar.
„Þegar í ljós kom að hestamannafélaginu Faxa hafði hlotnast sá heiður að halda Íslandsmót í hestaíþróttum, sumarið 2013, var samið við Hestamannafélagið Skugga um að fá að nota aðstöðu og keppnisvöll þeirra í Borgarnesi fyrir Íslandsmótið. Það skal tekið fram strax í upphafi, að svæðið var fengið að láni og þar með fékk Vallarnefnd Skugga það hlutverk að sjá um allan undirbúning reiðvalla svæðisins og keppnisaðstöðu í Borgarnesi. Nefndin hóf undirbúning að endurbótum á svæðinu, í kring um páska. Gekk verkið hægt en örugglega. Ákveðið var að endurbyggja alla þá aðstöðu sem áður var búið að byggja upp á mörgum undangengnum árum. Endurunnir voru hlýðnivöllur og æfingavöllur en sjálfur keppnisvöllurinn var þegar kominn í endurnýjað ástand árið áður. Bætt var efni í brautir og nýjar girðingar reistar á svæðinu. Grafnar voru nokkrar drenlagnir niður á þeim stöðum sem þurfa þótti. Einnig voru reiðvegir að svæðinu lagaðir. Reynt var jafnframt að snyrta og fegra svæðið í kring eftir því sem tími og mannskapur leyfði. Mikið af jarðvegsefnum fór í að búa til ramp undir rásbása fyrir skeiðkeppni en ekki tókst að ljúka frágangi á enda brautar þar sem aðalakstursleið liggur þvert á skeiðbrautina að hesthúsaþverfi Skugga. Þegar líða tók á sumarið þurftu menn heldur betur að spýta í lófana og klára sína vinnu enda styttest í mót. Hægt er að segja að vallarnefndarmenn og þeir sem gáfu sér tíma til að aðstoða þá hafi unnið dag og nótt við undirbúning og lagt til ómælda vinnu í að gera svæðið sem veglegast alveg fram á síðustu stundu. Íslandsmótið heppnaðist vel, það sem að vallarsvæðinu sneri og óhætt er segja með sannni að flest allir hestar og knapar hafi verið ánægðir með keppnisvellina og alla umgjörð vallarsvæðisins.“
- e. **Æskulýðsnefnd** – Stefán Logi fór yfir skýrslu æskulýðsnefndar en mikið mæddi á henni á starfsárinu.
- f. **Selás ehf** – Ingvar Þór Jóhannsson fór yfir málefni Faxaborgar. Ræddi hann m.a. umgengni sérstaklega í haust en hann hvatti til góðrar umgengni. Búið er skipta um lykla og kominn á sérstakur samningur um lyklna. Framundan er m.a. folaldasýning um næstu helgi og síðan vetrarmótin. FT mun verða með sýningu um mánaðarmótin.
- g. **Fjórðungsmót á Kaldármelum** – Ingi Tryggvason fór yfir helstu atriði varðandi það mót. Veður setti mikið strik í reikninginn og hafði það áhrif á afkomu. Ekki er búið að gera upp mótið en uppgjör mun berast fljótlega. Eins ræddi hann framtíðarsýn sína hvað varðar mótahald og eru Kaldármelar ekki inni í þeirri sýn.
- Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

6. Kynning á inngöngu nýrra félaga og úrsögnum félagsmanna

Stefán Logi las upp nöfn þeirra sem gengið hafa í félagið á starfsárinu eða eru að gera það á þessum fundi. Alls höfðu 34 óskað inngöngu í félagið. Úr félaginu gengu allt 17. Fimm félagar eru skráðir úr félaginu. Heildarfjöldur félaga er því 7.

7. Lagabreytingar

Engar tillögur til lagabreytinga liggja fyrir fundinum

8. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, nefnda og fulltrúa á L.H. og U.M.S.B. þing.

Stefán Logi fór yfir tillögur uppstillingarnefndar. Voru þær allar samþykktar með lófataki.

Stjórn:

Stefán Logi Haraldsson, formaður	Kjörinn til 1 árs
Reynir Magnússon	Kjörinn til 2ja ára
Kristján Þ. Gíslason	Kjörinn til 2ja ára
Arnar M. Gíslason	Kjörinn til 1 árs
Sigurþór Óskar Ágústsson	Kjörinn til 1 árs

Varastjórn:

Birgir Andrésson	Kjörinn til 2ja ára
Sigríður Jóna Sigurðardóttir	Kjörin til 1 árs

9. Félags- og hagagjöld

Gjaldkeri lagði fram tillögur um félags – og hagagjöld.

Félagsgjöld.

Fullorðnir	kr. 6.000,-	(Var kr. 5.000,-)
Makagjald	kr. 3.000,-	(Var kr. 2.500,-)
Unglingar 13-16 ára	kr. 3.000,-	(Var kr. 2.500,-)

Börn 12 ára og yngri Frítt

Félagsmenn 67 ára og eldri eru gjaldfrír frá árslokum þess árs sem þeir ná þeim aldri.

Guðmundur Skúli leggur til að lægsti gjaldflokkur verði óbreyttur, 13 – 16 ára.

Gjald fyrir fullorðna kr. 6.000.- samþykkt. Gjald fyrir maka kr. 3.000.- samþykkt.

Samþykkt að gjald fyrir 13 – 16 ára verði kr. 3.000.-

Tillaga um hagagjöld.

Sumarbeitt	Kr. 2.500,- fyrir hestinn	(Óbreytt frá 2013)
Haustbeitt	Kr. 2.000,- fyrir hestinn	(Óbreytt frá 2013)
Heilsársbeitt	Kr. 4.000,- fyrir hestinn	(Óbreytt frá 2013)

Tillagan samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.

Sigríður Bjarnadóttir vakti máls á stofnun hesteigendafélags. Sköpuðust nokkrar umræður um það. Formaður fór yfir helstu atriði þessa máls og fyrri tilraunir í þá veru að stofna húseigendafélags. Guðmundur Skúli ræddi um sameiginlegt mótahald félaganna – sameiginleg mót gengu vel. Klara Sveinbjörnsd. ræddi um umferð í hverfinu, bæði unglínga og fullorðinna á bílum. Í hverfinu gilda sömu reglur og gilda í umferðinni almennt. Eins er lausaganga hunda bönnuð. Helgi Gissurarson fagnaði umræðu um fjórðungsmót og taldi mjög auðvelt að halda slík mót hér. Taldi hann rétt að stefna að því. Bjarni Johansen spurði um leiðina í Einkunnir, merkingin er eftir Kárastaðaafleggjara og er merkt sem slík.

11. Fundarslit

Formaður þakkaði traust sem honum er sýnt, þakkaði fundarstjóra og riturum störfín. Er riturum falið að ganga frá fundargerð. Þakkaði hann góðan fund og hvatti félagi til góðra starfa á komandi ári.